

L Ö G

9

25. jan.

um viðauka við lög nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni
að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttnerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, þegar Búnaðarfélag Íslands mælir með, að veita und-
anþágu frá ákvæðum þessara laga, um að lóga skuli einblendingum, þegar um
karakúlfjarkyn er að ræða, enda setji þá ráðherra reglur um blendingsræktina
og þær varúðarráðstafanir, er þurfa þykir, að fengnum tillögum Búnaðarfélags
Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaltuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.